

Guðspjónusta í Svalbarðskirkju

Boðað er til almennrar guðspjónustu í Svalbarðskirkju sunnudaginn 17. júlí kl. 15:00. Skírt verður í guðspjónustunni. Um tónlist sjá Jón Gunnþórsson og kór barna syngur.

Verið hjartanlega velkomin.

Sóknarprestur Langanesprestakalls

Íþróttamiðstöðin á Raufarhöfn

Starfsmann vantar í hlutastarf í Íþróttamiðstöðina á Raufarhöfn. Nánari upplýsingar gefur Kjartan kjartan@nordurthing.is eða í síma 464-6100

Sundlaugin á Raufarhöfn og sturtur í íþróttahúsinu verða lokuð frá 15. júlí – 30. júlí vegna viðhalds á miðstöðvarkatli íþróttahússins / skólans. Íþróttahúsið og tækjasalur verða opin að öðru leyti. Nánari upplýsingar verða birtar á nordurthing.is

Bókasafn Öxarfjarðar, Kópaskeri

verður lokað vegna sumarleyfis frá 15. júlí til 15. ágúst 2016.

Starfsmaður

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 20. júlí 2016. Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
27. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 13. júlí 2016

Hafnargleði á Þórshöfn

Hafnar- og Bárugleði verður haldin á Þórshöfn laugardaginn 16. júlí. 13:00 byrjar markaður í tjaldi. 13:00 verður líka listsýning í gamla salthúsinu (undir Bárunni) 13:00 verðum við líka með leiki og keppni fyrir krakka á kayökum. Fyrir það þarf að klæða sig vel.

15:00 flytur Ragnar, nýi tónlistarkennarinn lifandi tónlist ásamt nokkrum nemendum tónlistarskólans.

Báran býður krökkum að 15 ára aldri frítt að borða.

16:00 verður gleðidans og diskó fyrir yngri krakka.

22:00 verðum við með útibar og LÚXUS frá Húsavík spilar til kl. 03:00.

Flestir viðburðirnir verða utandyra við höfnina. Enginn aðgangseyrir, frítt á alla viðburði.

Viðburðurinn er styrktur af Ísfélaginu og Bárunni.

Gönguferð í Fossdal

Ferðafélagið Norðurslóð efnir til gönguferðar sunnudaginn 17. júlí.

Gunnólfsvíkurfjall við Bakkaflóa rís þverhnipt úr sjó. Ekki verður gengið á fjallið, heldur farið niður í Fossdalskjaft í mikilli náttúrfegurð. Þar er fallett stuðlaberg og mikil nánd við ósnortna náttúruna.

Stutt og létt ganga, tilvalin fyrir alla fjölskylduna. Farið frá keðjunni á veginum kl. 13:00.

Sumarbúðirnar Ástjörn voru stofnaðar árið 1946 og halda því upp á 70 ára afmælið í ár. Í tilefni af því verður opið hús laugardaginn 16. júlí og allir eru hjartanlega velkomnir. Veitingar verða í boði frá kl. 14-18. Það væri mjög ánægjulegt að sjá sem flesta Keldhverfinga og Öxfirðinga auk allra annarra á svæðinu. Ef veður er gott er þetta tilvalið tækifæri til að koma á staðinn með börnin eða barnabörnin og njóta alls þess sem svæðið hefur upp á að bjóða svo sem báta af ýmsum gerðum og leiktækja. Verið innilega velkomin!



Kæru Þingeyingar

Við hjá HSP viljum vekja athygli ykkar á Unglingalandsmóti UMFÍ sem er vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð sem haldin er árlega um verslunarmannahelgina. Í ár verður mótið haldið í Borganesi dagana 28. – 31. júlí þar sem er góð keppnisaðstaða fyrir allar greinar og boðið uppá skemmtidagskrá fyrir alla fjölskylduna. Í ár bjóðum við krakka fædda árið 2005 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin að slást með í för.

Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11 – 18 ára en einnig eru í boði ýmis verkefni fyrir 10 ára og yngri. Mótsgjald fyrir keppendur HSP er niðurgreitt af héraðssambandinu og er því aðeins kr. 4.000.- og geta keppendur keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Keppnisgreinar í ár eru 14 talsins, sjá nánar á www.ulm.is. Skráningafrestur er til 23. júlí.

HSP verður með veislutjaldið sitt á tjaldsvæði HSP og verður þar heitt á könnunni og bakkelsi sem foreldrar koma með í púkkið. Þar verða afhent mótsöggn og ýmsar upplýsingar sem tengjast mótinu. Á föstudagskvöldinu fer fram skrúðganga og fá keppendur í ár ennisbönd merkt HSP og nafni sínu. Til að auðvelda ut anumhald um áprentun bandanna eru foreldrar hvattir til að ganga frá skráningu sem fyrst eða fyrir 18. júlí sé þess nokkur kostur.

Ennisböndin eru gefin af Ferðaþjónustunni Narfastöðum, Dalakofanum, Framsýn, Landsbankanum, Langanesbyggð, BJ vinnuvélum, Ísfélaginu og Skóbúð Húsavíkur.

Endilega hafið samband ef einhverjar spurningar vakna í síma: 896-3107 eða á netfanginu hsth@hsth.is.

Unglingalandsmótsnefnd HSP

